

GJALDSKRÁ

fyrir hirðu og eyðingu sorps í Fjarðabyggð.

1. gr.

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar innheimtir gjöld vegna sorphirðu og sorpeyðingar eins og fram kemur í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Sorphirðugjald greiðist árlega. Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum. Árið 2002 er gjaldið kr. 6.000 á hverja sorptunnu.

Sorpeyðingargjald greiðist árlega. Gjald skal innheimt með fasteignagjöldum. Árið 2002 er gjaldið kr. 5.000 á hverja sorptunnu.

3. gr.

Gjalddagi gjalda skv. 2. grein fylgir reglum um gjalddaga fasteignagjalda, og er skipt jafnt niður á þá. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga, séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

4. gr.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

5. gr.

Gjaldskrá þessi, er samin og samþykkt af bæjarstjórn Fjarðabyggðar, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, og 7. gr. samþykktar nr. 153/2000, um sorphreinsun í Fjarðabyggð og öðlast gildi við birtingu.

Samþykkt í bæjarstjórn Fjarðabyggðar 10. janúar 2002.

Fjarðabyggð, 11. janúar 2002.

Guðmundur Bjarnason bæjarstjóri.